

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

1. gr.

Af hundum í Reykjavíkurborg skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 478/2012 um hundahald í Reykjavík.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:  
Fyrsta leyfisveiting kr. 19.800.  
Leyfisveiting eftir útrunnin frest kr. 30.200.

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald kr. 18.900.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta kr. 28.700.  
Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við afskráningu hunds er heimilt að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu. Tilkynningar skulu berast eins fljótt og kostur er og eigi síðar en mánuði frá breytingum.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að lækka gjöld skv. 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld skv. 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra-, lögreglu-, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1112/2014 fyrir hundahald í Reykjavíkurborg.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 15. desember 2015.*

**Dagur B. Eggertsson.**